

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/31/EB frá 29. apríl 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 84/500/EBE að því er varðar yfirlýsingu um samræmi og gæðaviðmiðanir varðandi greiningaraðferð fyrir leirmuni sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/46/EB frá 8. júlí 2005 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi fyrir amítrasleifar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 34. lið (tilskipun ráðsins 84/500/EBE):
„, eins og henni var breytt með:
– **32005 L 0031**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/31/EB frá 29. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 110, 30.4.2005, bls. 36).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE), 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32005 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/46/EB frá 8. júlí 2005 (Stjtið. ESB L 177, 9.7.2005, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2005/31/EB og 2005/46/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 110, 30.4.2005, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 177, 9.7.2005, bls. 35.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.